

## **Borgarráð 9. janúar 2025: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um erindi Þróttar MSS25010073**

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að ekki verði beðið lengur með að borgarráð taki til umfjöllunar mál fyrirhugaða uppbyggingu unglingskóla í Laugardalnum og fyrirætlanir Reykjavíkurborgar um byggingu safnskóla á svæði sem Þróttur hefur ótímabundin og samningsbundin afnot af, svokölluðum Þríhyrningi. Fram hefur komið að Þróttur er ósáttur við þau vinnubrögð sem hafa einkennt ákvarðanatöku í þessu máli og skort á samráði við félagið.

### **Greinargerð**

Þróttur telur ákvörðunin, eins og hún liggur fyrir, ganga gegn samkomulagi félagsins við borgina. Þróttur hefur farið fram á að málið verði tekið til umfjöllunar nú þegar en af því hefur ekki orðið. Einnig er þess krafist að borgin komi málinu í faglegra ferli en það hefur verið í fram að þessu. Þess er vænst að Reykjavíkurborg sýni betri vinnubrögð í máli þessu. Þróttur veit ekki hvaðan á sig stendur veðrið en svo virðist sem Reykjavíkurborg sé að díla og víla með svæði sem Þróttur hefur ótímabundin og samningsbundin afnot af og allt án nokkurs samráðs við félagið.